

RÍKJARÁÐSTEFNA UM
AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

SAMNINGSAFSTAÐA ÍSLANDS

26. kafli

Menntun og menning

Samantekt um samningsafstöðu

1. EES-samningurinn tekur til 26. kafla um menntun og menningu. Evrópska efnahagssvæðið tryggir þátttöku og fjárveitingar Íslands í hlutaðeigandi áætlunum Evrópusambandsins og Ísland innleiðir og beitir viðeigandi regluverki sem varðar EES og fellur undir þennan kafla með samfelldum hætti.
2. Ísland fellst á sameiginlega regluverkið sem varðar 26. kafla um menntun og menningu eins og það stóð 14. janúar 2011.¹ Ísland mun hafa lokið við innleiðingu á öllu regluverki, sem fellur undir þennan kafla fram til þess dags og ekki hefur verið innleitt, við aðild.
3. Ísland hefur þann löggjafar- og stofnanaramma sem nauðsynlegur er til að standa áfram að innleiðingu regluverksins í þessum kafla.
4. Ísland fer ekki fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil vegna þessa kafla.

EES-samningurinn

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) síðan hann öðlaðist gildi árið 1994. Ísland hefur því tekið þátt í innri markaðnum í rúmlega 16 ár og hefur innleitt alla viðeigandi löggjöf ESB með tilliti til fjórþætta frelsisins, sem og á öðrum mikilvægum sviðum á borð við rannsóknir og þróun, menntun, félagsmálafundum, umhverfismál, neytendavernd, ferðapjónustu og menningarmál. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist reglulega með frammistöðu Íslands gagnvart EES-samningnum og birtir tvisvar á ári upplýsingar um frammistöðu Íslands á innri markaðnum (e. internal market scoreboard).

Í þeim köflum sem EES tekur til hefur Ísland byggt upp löggjafar- og stofnanaramma sinn til samræmis við, og til innleiðingar á, viðeigandi löggjöf ESB. Kafli 26 um menntun og menningu fellur undir EES-samninginn og samningurinn tryggir þátttöku og fjárframlög Íslands til viðeigandi áætlana Evrópusambandsins.

Lagarammi

Lagaramminn er fyrir hendi til áframhaldandi innleiðingar á regluverki þessa kafla.

¹ Dagsetning seinni rýnifundar

Regluverkið að því er varðar menntun og menningu byggist á samstarfi aðildarríkjanna með áætlunum og opnu samráðsferli. Ísland hefur tekið þátt í miðstýrðum og dreifstýrðum áætlunum á sviði menntunar/starfsþjálfunar og menningar frá því í byrjun 10. áratugarins. Ísland hefur einnig tekið þátt í opna samráðferlinu hjá Evrópusambandinu um menntun frá árinu 2002 og hefur látið í ljós ósk um að taka þátt í opna samráðsferlinu hjá Evrópusambandinu um menningu. Þegar á heildina er litið tekur stefnumörkun Íslands á þessum sviðum breytingum til samræmis við evrópska stefnumörkun.

Menntun og starfsþjálfun

Löggjöf Íslands er í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins að því er varðar menntun og starfsþjálfun og Ísland hefur tekið þátt í ýmsum viðeigandi áætlunum ESB með aðild sinni að EES-samningunum allt frá því 1994.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á þeirri löggjöf sem innleidd er á öllum skólastigum, allt frá grunn- og skyldunámi til framhaldsstigs og æðri menntunarstigs.

Réttur til að öðlast almenna menntun er tryggður með 76. gr. Stjórnarskrár Íslands. Í 76. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að tryggja skuli með lögum að allir hafi aðgang að menntun við hæfi. Mannréttindasáttmáli Evrópu verndar réttinn til menntunar en sá sáttmáli var tekinn upp í íslensk lög með lögum nr. 62/1994. Í íslenskri menntalöggjöf og íslenskri námskrá eru ákvæði og markmið er varða félagsleg gildi og mannréttindi.

Samkvæmt viðkomandi lögum um skólamál í íslenskri löggjöf skulu markmið og starfshættir í námi og kennslu miða að því að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kynþáttar, kyns, kynhneigðar, búsetu, félagsstöðu, trúar, heilsufars, fötlunar eða aðstæðna almennt. Á grundvelli EES-samningsins er Íslendingum og íbúum Evrópusambandsins í engu mismunað að því er varðar aðgengi að námi og starfsþjálfun á Íslandi.

Tilskipun 77/486/EBE um rétt til menntunar að því er varðar börn sem flytjast milli landa hefur verið innleidd í íslensk lög með lögum nr. 91/2008 um grunnskóla. Í gildi eru ákvæði sem tryggja börnum innflytjenda sérstaka aðstoð, m.a. stuðningsnám í tungumálinu.

Ísland hefur tekið þátt í símenntunaráætluninni (LLP) frá 2007 að henni var hrint úr vör og fer að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB um að koma á fót aðgerðaáætlun á sviði símenntunar. Ísland starfrækir innlenda stofnun fyrir símenntunaráætlunina. Stofnunin stýrir og annast kynningu á undirráætlunum símenntunaráætlunarinnar, s.s. Comenius, Erasmus, Leonardo og Grundtvig. Allir háskólar á Íslandi og flestir grunn- og framhaldsskólar hafa tekið þátt í verkefnum á vegum símenntunaráætlunarinnar.

Ísland tekur einnig þátt í Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (CEDEFOP) sem áheyrnarfulltrúi og í starfi ráðgjafarnefndar um starfsmenntun (ACVT).

Brottfall nemenda úr skólum á Íslandi hefur verið meira en meðaltalið í ESB vegna þess hve mikil eftirspurn hefur verið á síðustu árum eftir vinnuafli. Ráðstafanir eru nú í undirbúningi hjá forsætisráðuneytinu til að minnka hlutfall vinnuaflds með lágmarksmenntun úr 30% árið 2010 í 10% eða minna fyrir 2020.

Æska og íþróttir

Ísland hefur tekið mikinn þátt í ESB-samstarfi í málefnum er varða æskulýð og stefnumál Íslands samræmast Evrópuáætluninni um æskulýðsmál fyrir 2010-2018.

Ísland tekur þátt í aðgerðaáætlun ESB í æskulýðsmálum (2007-2013) sem samþykkt var af Evrópuþinginu og ráðinu með ákvörðun 1719/2006/EB. Á vegum áætlunarinnar er rekin framkvæmdastofnun á Íslandi þar sem starfa 5 manns.

Alþingi samþykkti lög nr. 70/2007 um æskulýðsmál með það að markmiði að auka mannkosti og lýðræðisvitund meðal ungmenna. Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn æskulýðsmála samkvæmt þessum lögum.

Menning

Ísland hefur þróað menningarkerfi sem samræmist stöðlum ESB. Ísland hefur tekið þátt í menningaráætlunum innan ESB frá árinu 1994 og starfrækir nú Upplýsingaþjónustu menningaráætlunar Evrópusambandsins sem kemur á framfæri menningaráætlunum ESB 2007-2013. Reykjavík var valin sem ein menningarborga Evrópu árið 2000 og Ísland hefur tekið þátt í áætlunum og samvinnuverkefnum innan ESB í meira en 16 ár.

Stofnanarammi

Stofnanarammi er fyrir hendi til áframhaldandi innleiðingar regluverks þessa kafla.

Stjórnskipulagið sem þarf til að framkvæma ESB-áætlanir á sviði menntunar og þjálfunar, æskulýðs og íþróttar og menningar eru í samræmi við kröfur ESB.

Menntun og starfsþjálfun.

Menntamál á Íslandi heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem starfa um 80 manns. Skólakerfið er dreifstýrt og rekstur leikskóla og grunnskóla er í höndum sveitarfélaga. Það er hins vegar á ábyrgðarsviði ráðuneytisins að gefa út námskrár og semja reglugerðir á sviði menntunar. Ráðuneytið er einnig ábyrgt fyrir almennri menntun og starfsþjálfun sem og símenntun og fullorðinsfræðslu.

Íslensk stjórnsýsla hefur næga getu til áframhaldandi innleiðingar á regluverkinu um menntun og starfsþjálfun.

Æska og íþróttir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, ásamt æskulýðsráði, ber ábyrgð á æskulýðsmálum. Sveitarstjórnir skilgreina hins vegar hlutverk og eðli æskulýðsstarfsemi. Almenn er skipulagi íþróttaiðkunar stýrt með miðlægrri stefnumótun en framkvæmdin er dreifstýrð. Ísland hefur tekið þátt í ESB-áætlunum á sviði æskulýðsmála frá 1994 og þátttaka ungmenna í þeim hefur farið fram úr öllum vonum.

Velferðarráðuneytið ber ábyrgð á úrræðum fyrir atvinnulaus ungmenni (16-24 ára) sem koma eiga í veg fyrir að þau verði óvirk í samfélaginu.

Málefni er varða íþróttir eru einnig á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Skipulag íþróttamála er aðallega í höndum sveitarfélaga. Ráðuneytið er þó ábyrgt fyrir samstarfi milli Íslands og ESB á þessu sviði.

Íslensk stjórnslá hefur næga getu til áframhaldandi innleiðingar á regluverkinu um æskulýðsmál og íþróttir.

Menning

Lögbært yfirvald að því er varðar menningarmál er mennta- og menningarmálaráðuneytið. Menningarstarfsemi á Íslandi er hins vegar að mestu leyti í höndum einstaklinga eða frjálsra félagasamtaka. Ríkið rekur nokkrar stofnanir innan menningargeirans, s.s. Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands og Ríkisútvarpið. Ráðuneytið fjármagnar verkefni og rannsóknir á sviði menningarmála með ýmiss konar styrkveitingum til listamanna. Ísland hefur formlega farið fram á að taka þátt í opna samráðsferlinu um menningarmál.

Íslensk stjórnslá hefur næga getu til áframhaldandi innleiðingar á regluverkinu um menningu.

Samþykkt regluverks ESB

Ísland fellst á sameiginlega regluverkið í 26. kafla um menntun og menningu eins og það stóð 14. janúar 2011. Ekki er farið fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil í þessum kafla.